

Kjarasamningar hafa loks tekist milli Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Þeir eru í anda lífskjarasamningsins, en þrátt fyrir allt er þar einnig að finna nokkur atriði til viðbótar sem snúa sérstaklega að aðstæðum í stéttinni og starfsskilyrðum blaðamanna og geta reynst okkur afar mikilvæg þegar til lengri tíma er litið.

Ég er stoltur af framgöngu blaðamanna á liðnum mánuðum og samstöðunni sem þeir hafa sýnt í afskaplega snúinni kjaradeilu við mjög erfiðar aðstæður í efnahagslífinu og hjá fjölmíðlum yfir höfuð. Við stóðum með sjálfum okkur þegar flestir aðrir gerðu það ekki og samstaðan og baráttuandinn hefur alla tíð verið til fyrirmyndar. Ég held að stéttin standi sterkari eftir en áður, þótt við höfum sannarlega ekki náð því fram sem við ætluðum okkur. Við vildum nota það rými sem fyrir hendi var til að bæta kjörin fremur en stytta vinnutímann en töluðum því miður fyrir daufum eyrum í þeim efnum. Það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn. Við sjáum hvernig öðrum hefur farnast í kjaradeilum sínum, jafnvel þrátt fyrir löng verkföll, og verðum auðvitað að horfa til þess. Þegar svo við bætist það óvissuástand sem nú er uppi hér á landi og um heim allann væri óðs manns æði að loka ekki kjarasamningi og taka þær kjarabætur sem í boði eru. Svo einfalt er það.

Samningurinn er afturvirkur til 1. mars og þá hækka öll laun og launataxtar um 17 þús. Frá 1. apríl nk. hækka öll laun um 18 þús og kauptaxtar um 24 þús. Frá 1. apríl er launahækkunin þannig 35 þúsund að lágmarki fyrir alla og 41 þúsund fyrir þá sem eru á töxtunum.

Samningurinn gildir út október 2022 og er þannig til rúmlega tveggja ára. Aðrar áfangahækkanir eru í samræmi við lífskjarasamninginn og sama gildir um hækkanir júlí- og desemberuppbóta. Launaþróunartrygging er sú sama og í örum samningum sem gerðir hafa verið og sama gildir um vinnutímastyttingu. Náist ekki samkomulag innan fyrirtækja um útfærslu styttingar fyrir árslok næsta árs verður vinnutími á dag 7 klukkustundir og 15 mínútur eða 36 klukkustundir og 15 mínútur á viku.

Samningurinn felur einnig í sér endurskoðun og uppfærslu á skilmálum og upphæðum líf- og slysatryggingar sem blaðamenn eru með í vinnu og í frítíma til að tryggja að blaðamenn séu tryggðir í þeim ólíku verkefnum sem þeir gætu þurft að sinna í vinnu sinni. Þá er nýtt ákvæði um að við launaákvörðun sé tekið tillit til ábyrgðar og þeirrar viðbótarvinnu sem starfi vaktstjóra felur í sér.

Mikilvægasta ákvæðið sem varðar kjör blaðamanna og það sem ég trúi að eigi eftir að reynast okkur best þegar til lengri tíma er litið, er nýtt ákvæði um yfirvinnu og hvernig greitt skuli fyrir hana. Ólaunuð yfirvinna hefur verið stærsta meinsemdin hvað varðar kjör blaðamanna á undanförunum árum, sem undantekningalítið vinna yfirvinnu án þess að fá hana greidda nema stundum, mismunandi eftir vinnustöðum. Afdráttarlaust er kveðið á um það að sé yfirvinna ekki greidd með venjulegum hætti er hægt að safna upp frídögum en fá yfirvinnuálagið greitt út með launum hverju sinni. Ef frídagar eru ekki teknir út fyrir 1. maí ár hvert eru þeir greiddir út.

Í ár verður greitt sérstakt álag á orlofsuppbót 26 þúsund krónur. Þá er bókun um greiðslu tækja- og búnaðarkaupa í ár að fjárhæð 75 þúsund krónur. Útfærsla þar að lútandi er mismunandi eftir einstaka vinnustöðum í ljósi þarfa og viðræðna sem átt hafa sér stað í hverju fyrirtæki fyrir sig. Sú greiðsla kemur í stað afturvirkrar greiðslu vegna þess hversu mjög viðræður hafa dregist.

Loks er í samningnum ítarleg bókun um vinnutíma og vinnuálag sem felur í sér að settir eru á laggirnar vinnuhópar á hverjum vinnustað fyrir sig. Vinnuhóparnir hafa það verkefni að yfirfara þessa hluti og gera tillögur til úrbóta. Þeir skulu skipaðir fyrir 1. júní og eiga að hafa lokið störfum fyrir 1. október í ár.

Þá felur samningurinn einnig í sér að greiðslur vegna framsals á höfundarrétti voru yfirfarnar á þeim vinnustöðum þar sem þess þurfti og þær samræmdar. Síðast en alls ekki síst felur samningurinn í sér sérstaka hækkun á byrjunarlaunum háskólamenntaðra blaðamanna á árunum 2021 og 2022.

Ég get heils hugar mælt með samþykkt þessa samnings og vona sannarlega að blaðamenn samþykki hann. Það er fullreynt að lengra verður ekki komist að þessu sinni. Markverður árangur náðist þrátt fyrir allt sérstaklega hvað varðar vopn til að berjast gegn ógreiddri yfirvinnu og miklu álagi sem fylgir starfinu. Það og margt annað sem lýtur að brotum á kjarasamningnum gerði það algerlega nauðsynlegt að láta reyna á samstöðuna í félaginu. Hún reyndist frábær eins og niðurstaða tveggja atkvæðagreiðslna sýnir ótvírætt. Kjarasamningur félagsins tryggir góð réttindi á flestum sviðum, svo sem hvað varðar orlof, endurmenntun, tryggingar, veikindi, höfundarrétt, vinnutíma og fleira, þó launatölnurnar séu alltof lágar og launaskrið lítið sem ekkert vegna ástandsins á fjölmiðlamarkaði. Félagið tryggir líka góð réttindi og okkur tókst að hrinda þeirri árás sem gerð var á félagið í samningaviðræðunum með kröfu um lækkun á greiðslum í sjóði félagsins. Að mínu viti er félagið öflugt vopn í baráttunni fyrir bættum kjörum og kjarasamningurinn í mörgu tilliti mjög góður. Við munum fylgja eftir ákvæðum hans í dómsölum, ef þurfa þykir, í þeim atriðum okkur tókst ekki að fá endurskoðuð í kjaraviðræðunum. Félagið mun standa vörð um réttindi blaðamanna hér eftir sem hingað til.



Hjálmar Jónsson